

Tillaga að

REKSTRARLEYFI

FE-1135a

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi:	Kaldvík hf.	Kennitala:	520412-0930
Starfsstöð:	Seyðisfjörður	Hámarkslífmassi:	6.500 tonn¹
Gildir frá:	xx.xx.xxxx	Gildir til:	xx.xx.2041
Starfsemi:	Sjókvíaeldi – kynslóðaskipt áframeldi		
Tegund:	<i>Lax/Salmo salar</i>	StofnFiskur:	Frjór

Kynslóðaskipt sjókvíaeldi. Samanlagður hámarkslífmassi í leyfum FE-1135a og FE-1135b er 10.000 tonn í Seyðisfirði.

Svæði - Nýtingarreitur²

Hnit punkta

Sörlastaðavík – SN1

1. 65° 16.860'N 13° 55.900'W, 2. 65° 16.876'N 13° 54.8320'W,
3. 65° 16.921'N 13° 54.439'W, 4. 65° 16.928'N 13° 54.250'W,
5. 65° 17.956'N 13° 54.043'W, 6. 65° 17.215'N 13° 53.227'W,
7. 65° 17.466'N 13° 53.048'W

Selstaðavík – SN2

1. 65° 18.287'N 13° 51.465'W, 2. 65° 18.505'N 13° 51.413'W,
3. 65° 18.583'N 13° 50.754'W, 4. 65° 18.535'N 13° 49.908'W,
5. 65° 18.427'N 13° 48.615'W, 6. 65° 18.274'N 13° 48.624'W

Skálanesbót – SN3

1. 65° 17.681'N 13° 47.088'W, 2. 65° 17.681'N 13° 44.479'W,
3. 65° 17.425'N 13° 44.475'W, 4. 65° 17.332'N 13° 44.642'W,
5. 65° 17.333'N 13° 46.871'W, 6. 65° 17.426'N 13° 47.067'W

¹ Vegna kynslóðaskipts sjókvíaeldis Kaldvíkur á frjóum og ófrjóum laxi í Seyðisfirði gefur Matvælastofnun út aðskilin rekstrarleyfi FE-1135a og FE-1135b samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

² Í samræmi við strandsvæðisskipulag Austfjarða, reitir SN1, SN2 og SN3.

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirliggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Rekstrarleyfishafi skal við eldi frjórna laxa notast við ljósastýringu í samræmi við reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Við útsetningu frjórna seiða og þar til fiskur er orðin að meðaltali yfir eitt kíló skal möskvastærð í kvíum vera að hámarki 18 mm (legglengd möskvans). Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 100 gr.

Sjókvíaeldisstöðvar skulu vera innan nýtingareita samkvæmt strandsvæðisskipulagi Austfjarða og tilgreindir eru í leyfi. Jaðar sjókvíaeldisstöðvarinnar Sörlastaðavíkur – SN1 skal ekki vera nær mörkum hvíts ljósgeira vitaljósa en 50 m. Botnfestingar fiskeldiskvía (tóg og akkeri) skulu vera á meira en 15 metra dýpi (miðað við sjókortanúll) þar sem þær eru innan þess svæðis sem hvítur vitageiri afmarkar.

Rekstrarleyfishafi skal hafa samráð við Minjastofnun Íslands um staðsetningu botnfestinga fyrir sjókvíaeldisstöð.

Rekstrarleyfishafi skal tryggja svo óyggjandi sé að engin búnaður fiskeldisstöðvar fari inn á helgunarsvæði Farice-1 strengsins.

Rekstrarleyfishafi skal viðhafa fyrirkomulag vöktunar vegna laxalúsar í samræmi við leiðbeiningar sem Matvælastofnun gefur út. Rekstrarleyfishafi skal hafa tilgreinda viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöðu um smitálag frá eldisfiski hverju sinni og áhættu fyrir villta fiskistofna, s.s. notkun hlífðardúks, sérstaks fóðurs og neyðarslátrun ef ekki tekst að halda lúsasmiti undir viðmiðunarmörkum.

Rekstrarleyfishafa ber að vakta fjölda laxalúsa á villtum laxfiskum í Seyðisfirði komi upp lúsasmit í eldinu. Æskilegt er að bakgrunnsgildi liggi fyrir áður en eldi hefst.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stroks sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagrunni um erfðafni hjá framleiðanda hroga.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis þessa er háð því að leyfi til mannvirkjagerðar sé til staðar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.